



Æfingadagar fyrir Andrésar Andar leikana

Andrésarnefndin ætlar að bjóða uppá á æfingadaga fyrir alla 12 – 15 ára krakka í alpagreinum sem ætla að keppa á leikunum á þriðjudag og miðvikudag fyrir Andrés. Æft verður undir leiðsögn þjálfara SKA, landsliðsþjálfara SKI og gestaþjálfara. Gist verður á Hótel KEA.

Dagskrá:

Mánudagur 20. apríl

19:00 Mæting á Hótel KEA

20:00 Fundur með þátttakendum um fyrirkomulag æfinganna - fræðsla

Þriðjudagur 21. apríl

08:30 Morgunmatur á KEA

10:00 Æfing í Hlíðarfjalli, tímataka í keppnisbakka

12:30 Hádegismatur í Hlíðarfjalli

13:30 Æfing í Hlíðarfjalli

18:00 Bíó- / keiluferð

20:00 Kvöldverður á KEA

Miðvikudagur 22. apríl

08:30 Morgunmatur á KEA

10:00 Æfing í Hlíðarfjalli, tímataka í keppnisbakka

14:30 Hádegismatur á KEA

16:00 Æfingabúðum lokið

Markmiðið er að hrista saman 12-15 ára krakka sem æfa skíði. Einnig fá þau að skíða í keppnisbökkunum undir leiðsögn þjálfara, ásamt því að fara í tímatökur. Það er von okkar að þetta framtak haldi iðkendum lengur inni í skíðaíþróttinni og fjölgi þeim er fram líða stundir. Kostnaður er kr. 17.000 og greiðist með því að leggja inn á reikning 565-26-1766 kt. 650392-2809 og framvísa kvittun við komu. Skráningu á að senda á netfangið daghal@hsfides.is fyrir 18. apríl.

Allar nánari upplýsingar veitir Dagbjartur Halldórsson í síma 660 1075.

Hlökkum til að sjá ykkur !

Andrésar Andarnefndin